



Náttúrustofa Austurlands
Ársskýrsla 2022

EFNISYFIRLIT

Formáli	1
Um Náttúrustofuna	3
Starfsfólk og stjórn	4
Hreindýr	7
Umhverfisvöktun	11
Fuglar	13
Fiðrildi og fræðsla	18
Fræðsla	19
Rannsóknastyrkir	20
Stiklur úr starfsemi	21
Starfsmannasamvera	26
Fjármál	27
Ritlisti	28
Erindi og veggspjöld	30

Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Hálf dán Helgi Helgason, Kristín Ágústsdóttir, Margrét Gísladóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Hönnun og umbrot: Áslaug Lárusdóttir

Ljósmyndir: Starfsfólk Náttúrustofu Austurlands

Ljósmynd á forsíðu: Skarphéðinn G. Þórisson

FORMÁLI

Verkefni Náttúrustofu Austurlands voru fjölbreytt og skemmtileg árið 2022 eins og fyrri ár. Hreindýrarannsóknir og rannsóknir á fuglum og gróðri voru fyrirferðarmiklar, en einnig rannsóknir á smádýralífi í sjó og úttekt á gróðri, fuglum og jarðfræði á náttúruverndarsvæðum. Það er mér sönn ánægja að fá að deila með ykkur í stuttu máli þeim mörgu og spennandi verkefnum unnin voru.

Tengsl og samvinna eru mikilvæg, bæði í nærsamfélaginu og í vísindasamfélaginu. Samstarf náttúrustofa og Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur aukist mikið undanfarin ár með sameiginlegu verkefni sem snýr að vöktun náttúruverndarsvæða, þar sem bæði er hugað að lykilkáttum íslenskrar náttúru innan verndarsvæða sem og álagi af völdum ferðamanna. Í fyrsta sinn var haldið sameiginlegt Náttúrustofuþing og Ársfundur Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fór fram í Borgarnesi í september sl. Slíkar samkomur efla tengsl og kveikja hugmyndir að nýjum verkefnum. Í nærsamfélaginu höfum við um langt skeið haldið náttúrufræðinámskeið fyrir ung börn í samvinnu við Ferðaþjónustuna á Mjóeyri. Námskeiðið er haldið í tengslum við gönguvíkuna í Fjarðabyggð. Á þessum námskeiðum bregður gjarnan fyrir efnilegum og áhugasömum náttúrufræðingum sem njóta sín við útivist og grúsk. Þá höfum við í samstarfi við Ferðafélag fjarðamanna verið með árlegan fuglaskoðunardag á leirunum á Reyðarfirði og í Norðfirði. Það mætir gjarnan sami kjarninn ár eftir ár og samviskusamlega eru allar tegundir sem sjást skráðar. Tilgangurinn er fyrst og fremst skemmtleg útivera í fjörunni þar sem skipst er á ýmsum fuglafróðleik með öðrum fuglaáhugamönnum á ólíkum aldurs- og getustigum.

Breytingar urðu á starfsmannahaldi náttúrustofunnar á árinu. Starfsmönnum fjölgaði um einn, en í september gengu Fríða Jóhannesdóttir doktor í spendýrafræði og Zdenek Siroky umhverfisverkfræðingur til liðs við hópinn. Rán Þórarinsdóttir sem starfað hafði á náttúrustofunni frá árinu 2004, einkum við rannsóknir á hreindýrum, fluttist búferlum með fjölskyldu sína norður í land og lauk þar með störfum á Náttúrustofu Austurlands í árslok. Það var með trega sem við kvöddum Rán, enda alltaf eftirsjá í góðum starfskröftum og vinnufélögum. Er Rán þakkað frábært samstarf í næstum tvo áratugi og henni og fjölskyldu hennar óskað alls hins besta á nýjum stað og nýjum vettvangi. Náttúrustofa Austurlands væri ekkert án þess hæfa og ósérhlífna starfsfólks sem þar starfar og er ég afar þakklát fyrir árangursríkt samstarf á árinu og hlakka til frekari ævintýra út í náttúrunni með þeim.

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga sl. vor urðu líka breytingar á stjórn náttúrustofunnar þegar Gunnar Jónsson fulltrúi Múlapings gekk úr stjórn og í hans stað kom Stefán Bogi Sveinsson. Er Gunnari þakkað gott samstarf.

Mikið framfaraskref var stigið þegar ákveðið var að koma á laggirnar náttúrustofum um landið. Fyrsta stofan sem tók til starfa var Náttúrustofa Austurlands árið 1995, en nýjasta stofan og sú áttunda Náttúrustofa Suðausturlands tók til starfa 2013. Nú er svo komið að svipaður fjöldi náttúrufræðinga starfar á náttúrustofum víðs vegar um landið og á Náttúrufræðistofnun Íslands. Framlag ríkis til reksturs náttúrustofa er fé sem vel er varið til að auka menntunarstig og fjölbreytni starfa á landsbyggðinni.

Ég þakka samstarfsfólki, stjórnarmönnum, góðkunningjum og velunnurum Náttúrustofunnar samstarfið.

Kristín Ágústsdóttir
forstöðumaður



UM NÁTTÚRUSTOFUNA

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Múlaþingi með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað, nú Múlaþing aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands.

Náttúrustofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Starfsstöðvar Náttúrustofa Austurlands hafa verið í Vísindagarðinum á Egilsstöðum frá því hann var stofnaður og frá ársbyrjun 2021 í Múlanum samvinnuhúsi í Neskaupstað. Múlinn samvinnuhús er miðstöð nýsköpunar í Neskaupstað. Á fjölbreyttum starfsstöðvum er tækifæri til að skapa fjölbreyttar rannsóknar-, þekkingar- og fræðslumiðstöðvar, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi náttúrustofa um allt land.

STARFSFÓLK



ÁSLAUG LÁRUSDÓTTIR

Skrifstofustjóri sinnti almennum skrifstofustörfum. Hún hafði umsjón með útgáfu og ritstjórn ársskýrslu, heimasíðu, bókasafni, tölvumálum, innslætti gagna og gagnavörslu. Auk þess kom hún að öðrum verkefnum.



HALLDÓR WALTER STEFÁNSSON

Sérfræðingur hafði umsjón með vöktun og rannsóknum á fuglum. Hann tók einnig þátt í hreindýrarannsóknum.



GUÐRÚN ÓSKARSDÓTTIR

M.Sc. náttúrufræðingur hafði umsjón með fjölbreyttum rannsóknum á gróðurfari. Hún tók þátt í umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði og vöktun verndarsvæða og lykilþátta í íslenski náttúru. Guðrún er í doktorsnámi við Háskóla Íslands og var með skert starfshlutfall á árinu.



ERLÍN EMMA JÓHANNSDÓTTIR

M.Sc. líffræðingur hafði umsjón með vatnalífríkisrannsóknum ýmiss konar, umhverfisvöktun við álverið og á fiskeldissvæðum í Reyðarfirði. Hún kom einnig að öðrum verkefnum stofunnar, s.s. vöktun verndarsvæða o.m.fl.



FRÍÐA JÓHANNESDÓTTIR

P.hD spendýrafræðingur hóf störf í september. Fríða sinnti einkum hreindýrarannsóknum og rannsóknum á öðrum spendýrum, auk þátttöku í öðrum verkefnum Náttúrustofunnar.



MARGRÉT GÍSLADÓTTIR

M.Sc. jarðfræðingur hafði umsjón með vöktun verndarsvæða, vöktun stranda og kolefnismælingum, ásamt því að taka þátt í öðrum verkefnum stofunnar, s.s. umhverfisvöktun við álverið o.m.fl.

STARFSFÓLK



KRISTÍN ÁGÚSTSDÓTTIR

M.Sc. landfræðingur annaðist daglegan rekstur og tók þátt í mörgum verkefnum stofunnar, einkum þeim sem lúta að vinnslu landupplýsinga.



RÁN ÞÓRARINSDÓTTIR

M.Sc. líffræðingur hafði umsjón með rannsóknum á burðarsvæðum hreindýra, TARANDUS verkefninu um heilbrigði hreindýra og náttúrufræðinámskeiði. Samhliða tók hún þátt í ýmsum verkefnum tengdum vöktun hreindýrastofnsins og öðrum verkefnum stofunnar. Rán flutti til Akureyrar og lét af störfum í desember 2022. Við þökkum Rán frábært samstarf á liðnum áratugum.



ZDENEK SIROKY

M.Sc. umhverfisverkfræðingur hóf störf í september. Zdenek sinnti úrvinnslu og greiningu gagna í landupplýsingakerfum og vettvangsrannsóknum með flygildi, auk þess að taka þátt í fleiri verkefnum innan stofunnar.



SKARPHÉÐINN G. ÞÓRISSON

M.Sc. líffræðingur hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því tók hann þátt í öðrum verkefnum stofunnar, s.s. fuglarannsóknum.



HÁLFDÁN HELGI HELGASON

M.Sc. líffræðingur sinnti einkum rannsóknum og vöktun á fuglum, þá sér í lagi í tengslum við rannsóknir á veiðistofni grágæsa og í tengslum við matsskyldar framkvæmdir. Hálf dán situr sem fulltrúi Samtaka náttúrustofa í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar. Eins og aðrir kom hann einnig að öðrum verkefnum stofunnar.

STARFSFÓLK OG STJÓRN

Fastráðnir starfsmenn voru 11. Ársverk voru 8,6 auk framlags lausráðinna í afmörkuðum verkefnum. Margir aðrir komu að starfsemi stofunnar. Kolbrún Þóra Sverrisdóttir var sumarstarfsmaður og sinnti einkum fuglarannsóknum og innslætti gagna. Anna Karen Marinósdóttir aðstoðaði við úrvinnslu landupplýsinga. Páll Benediktsson kom að fiðrildarannsóknum og Sveinn H. Oddsson aðstoðaði við tölvumál.

Margir aðstoða við vöktun hreindýra og eru þeir helstu taldir upp hér:

Anna Karen Marinósdóttir, Áslaug Lárusdóttir, Benedikt Ólason, Crys Moosman, Eiður Gísli Guðmundsson, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Grétar Karlsson, Halldór Bergsson, Hákon Hansson, Henning Þór Aðalmondsson, Ívar Karl Hafliðason, Jóhann G. Gunnarsson, Jón Egill Sveinsson, Kári Kárason, Kolbrún Þóra Sverrisdóttir, Lilja Jóhannsdóttir, Óðinn Logi Þórisson, Ólafur Gauti Sigurðsson, Ólafur Örn Pétursson, Páll Leifsson, Reimar Ásgeirsson, Sigurður Guðjónsson, Sigursveinn Agnarsson, Skúli H. Benediktsson, Stefán F. Jökulsson, Stefán Kristmannsson, Sveinbjörn Valur Jóhannsson, Sveinn Ingimarsson, Sævar Guðjónsson, Tómas Kárason, Unnar Aðalsteinsson, Þorsteinn Bergsson og Þuríður Skarphéðinsdóttir.

Breytingar urðu á stjórn Náttúrustofu Austurlands í kjölfar sveitarstjórnarkosninga vorið 2022 þegar fulltrúi Múlapings Gunnar Jónsson vék úr stjórn og í stað hans kom Stefán Bogi Sveinsson. Líneik Anna Sævarsdóttir er áfram formaður og sameiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna, Gunnar Sveinbjörn Ólafsson er áfram ritari og fulltrúi Fjarðabyggðar og nýr fulltrúi Múlapings, Stefán Bogi Sveinsson er meðstjórnandi. Við þökkum Gunnari fyrir samstarfið undanfarin ár.

HREINDÝR

VÖKTUN HREINDÝRASTOFNSINS

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra þannig að hægt sé að veita ábyrga veiðiráðgjöf. M.a. er fylgst með dreifingu á ólíkum árstímum, aldurs- og kynjahlutföllum, frjósemi, nýliðun, vetrarafkomu kálfa, dánarorsökum og líkamlegu ástandi dýranna. Gagnasöfnun er að hluta unnin í samvinnu við veiðimenn, landeigendur, leiðsögumenn með hreindýraveiðum og áhugasaman almenning. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

HREINDÝRAVEIÐIKVÓTI

Árlegum tillögum að hreindýraveiðikvóta er skipt niður eftir aldri, kyni og veiðisvæðum. Tillaga Náttúrustofunnar miðar við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að halda kynjahlutfalli sem næst 4 törfum á hverjar 6 kýr eftir veiðar að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið óeðlilegu álagi á land. Tillögurnar eru yfirfarnar af Hreindýraráði og Umhverfisstofnun sem sendir þær til umhverfisaráðherra sem ákveður kvóta. Drög að hreindýrkvótatillögu Náttúrustofu Austurlands fyrir 2023 með rökstuðningi voru lögð fram í nóvember 2022 til kynningar og athugasemda. Þetta fyrirkomulag að hafa ferlið opnara og gegnsærra og gefa öllum kost á að koma með rökstuddar athugasemdir sem hægt væri að taka tillit til við gerð endanlegra tillagna hefur mælst vel fyrir og skilaði gagnlegum athugasemdum. Í desember 2022 lagði Náttúrustofan til veiðar á 475 kúm og 426 törfum fyrir veiðitímabilið 2023. Það var 120 dýra fækkun frá fyrra ári. Líkt og verið hefur frá 2010 voru ekki lagðar til veiðar á kálfum fyrir það tímabil.



HREINDÝR

MAT Á ÁGANGI HREINDÝRA

Árlega er ágangur hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi metinn og tillögur gerðar um skiptingu í ágangssvæði til Hreindýráðs og Umhverfisstofnunar. Mat á ágangi er unnið út frá upplýsingum um dreifingu hreindýra m.a. með talningum Náttúrustofunnar og upplýsingum frá almenningi sem tekið er við allan ársins hring. Almennigur er áfram hvattur til að tilkynna um hreindýrahópa en þátttaka þeirra er ein af undirstöðum þessarar vöktunar. Fyrir veiðiárið 2023 var lagt til að mörk ágangssvæða yrðu óbreytt en þó með þeirri breytingu að arður ágangssvæða 8 og 9 komi af veiðisvæði 3 en ekki af veiðisvæði 2 eins og verið hefur. Lagt var til að endurskoða mörk ágangssvæða svo og ágang á einstakar jarðir.



HREINDÝR

KORTLAGNING BURÐARSVÆÐA HREINDÝRA - ÚR FLUGVÉL OG MEÐ GPS SENDUM

Burðarsvæði Snæfellshjarðar hafa verið kortlögð árlega frá 2005. Tilgangurinn var að reyna að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á nýtingu hreindýra á hefðbundnum burðarsvæðum innan veiðisvæðis 1 og 2 (áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar) og reyna að átta sig á því hvort svæðið næst virkjunarmannvirkjum og uppistöðulónum gæti aftur nýst hreinkúm á burðartíma eins og fyrir virkjun þegar frá liði framkvæmdum.

Vorið 2022 voru eftirfarandi talningarsvæði á veiðisvæði 1 vestan og norðvestan Háslóns og Jökulsár á Dal skoðuð; Kringilsárrani, Sauðárrani, Brúaröræfi, Jökuldalsheiði, Útheiðar, Vopnafjörður og Norðausturheiðar. Á veiðisvæði 2 austan Jökulsár á Dal voru skoðuð; Vesturöræfi, Fljótsdalsheiði innri og ytri, Undir Fellum, Múli, Suðurfell, Austurheiðar 2 og Hallormsstaðaháls. Talningarskilyrði voru slæm og einungis um 17% kúa á veiðisvæði 1 og 18% kúa á veiðisvæði 2 fundust við talningu. Svo virðist sem tilfærsla dýra af veiðisvæði 2 yfir á önnur veiðisvæði, þá sérstaklega veiðisvæði 1, hafi þau áhrif að kúr í Fljótsdalshjörð (sem hafa almennt haldið til á veiðisvæði 2 að sumri) beri að einhverju leiti utan þess veiðisvæðis.

Auk hefðbundinnar talningar úr flugvélum nýttust GPS senditæki á fjórum kúm á veiðisvæðum 1 og 2 til að afla frekari upplýsinga um framvindu burðar og hvernig hreindýr nýta burðarsvæðin. Tækin gefa ítarlegar upplýsingar um staðsetningu og ferðir þeirra.



HREINDÝR

HEILSA OG SMITSJÚKDÓMAR Í HREINDÝRUM

Þann 26. apríl 2022 hélt Náttúrustofa Austurlands í samstarfi við National Veterinary Institute TARANDUS vinnustofu á netinu og hafði Rán Þórarinsdóttir veg og vanda af henni. Þetta var önnur vinnustofa þessa TARANDUS tengslanets en fyrsta vinnustofan sem haldin var á netformi eingöngu. TARANDUS er tengslanet fræðimanna frá Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi sem koma að rannsóknum og vöktun á hreindýrum. Tengslanetið tekur á heilbrigði og velferð hreindýra í tengslum við veðurfarsbreytingar.

Netvinnustofan í apríl 2022 lagði áherslu á heilbrigði og velferð villta hreindýrastofna. Aðallega var talað um stöðu þeirra og ógnir er steðja að þeim en einnig var minnst á helstu niðurstöður athugunar á sníkjudýrum og vírusum í íslenskum hreindýrum sem leitað var að í samstarfi við hreindýraleiðsögumenn haustin 2017 - 2019. Einnig var fjallað um hvort staða íslensku hreindýranna sem innflutts stofns fylgi siðferðileg sérstaða. Náttúrustofan tók einnig þátt í þriðja vinnufundi TARANDUS á netinu 13. og 14. september sem fjallaði um stöðu hreindýra í kviku umhverfi einkum í ljósi smitsjúkdóma.

KÝR MEÐ GPS HÁLSKRAGA

Vöktun hreindýra með GPS tækjum hélt áfram að sanna sig sem mikilvæg og sjálfsögð tækni við vöktun og rannsóknir á dýrunum. Heildarfjöldi kúa með virka GPS-kraga 2022 var 10. Átján kýr voru með rafmagnslausu kraga og þar af tvær dauðar á óaðgengilegum stöðum. Þrjár kragar endurheimtust á veiðitíma og einn seinna. Engar kýr voru fangaðar til merkinga með GPS tækjum á árinu.

UMHVERFISVÖKTUN

VÖKTUN Í REYÐARFIRÐI VEGNA ÁLVERS ALCOA-FJARÐAÁLS

Umhverfisvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði var haldið áfram eins og verið hefur frá 2004. Markmiðið er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn, loftgæði og búfé. Vöktunin er unnin í samstarfi við Hafrannsóknastofnun, sem sér um efnagreiningar og Eyrúnu Arnardóttur dýralækni sem sér um mat á líkamlegu ástandi lifandi búfjár. Gróður- og vatnssýnum er safnað reglulega til efnagreininga. Ástand gróðurs er metið sjónrænt, fylgst er með sjaldgæfum tegundum plantna og gerðar eru mælingar á vexti furutrjáa. Jafnframt er fylgst með heilbrigði búfjár sem gengur í Reyðarfirði.

VÖKTUN Á FISKELDISSVÆÐUM Í REYÐARFIRÐI

Vöktun á eldissvæðum Laxa fiskeldis í Reyðarfirði er verkefni sem Náttúrustofan hefur sinnt frá árinu 2018 þegar Laxar hóf ræktun á eldislaxi í firðinu. Megin tilgangur vöktunarinnar er að fylgjast með áhrifum laxeldis á sjávarbotn og lífríki hans, tryggja að skilgreind vatnshlot í firðinum uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fram í lögum og stuðla þannig að langtíma sjálfbærri notkun fiskeldissvæðanna. Einnig eru fuglar vaktaðir (sjá nánar í kafla um fugla á bls 15).

Árið 2022 voru sýni tekin af botnseti eftir hvíldartíma á tveimur eldissvæðum og við hámark lífmassa á einu svæði bæði innan svæðisins og á sniði út frá kvíaþyrpingunni. Einnig voru sjósýni tekin til mælinga á næringarefnum.

Í kjölfar sameiningar Laxa og Ice Fish Farm var samningi Náttúrustofu Austurlands um vöktun lífríkis á sjávarbotni vegna laxeldis í Reyðarfirði sagt upp í september.

UMHVERFISVÖKTUN OG GRÓÐUR

VÖKTUN FLÓRU OG FÁNU Í FÓLKVÖNGUM FJARÐABYGGÐAR

Á árinu fór af stað fjögurra ára vöktun á flóru og fínu í Fólkvangi Neskaupstaðar og Hólmanesi fólkvangi og friðlandi. Náttúrustofan sér um vöktunina fyrir Fjarðabyggð og safnar m.a. upplýsingum um fjölda refagrenja í ábúð og þéttleika mófugla. Einnig verður fuglum og plöntum á valista gerð skil og votlendi og útbreiðsla ágengra tegunda kortlögð.

EFTIRLIT MEÐ GRÓÐURREITUM Á ÚTHÉRAÐI

Náttúrustofan vaktar gróður í 34 rannsóknarreitum í nágrenni Lagarfljóts og Jökulsár á Dal á Úthéraði. Með Kárahnjúkavirkjun hækkaði vatnshæð í Lagarfljóti en lækkaði í Jökulsá á Dal og fylgist Náttúrustofan með breytingum sem verða á gróðri á áhrifasvæði þeirra í kjölfarið. Sumarið 2022 voru reitirnir yfirfarnir, grunnvatnsstaða í þeim mæld og ummerki um beitardýr skráð.

MAT Á ÁHRIFUM HÆKKAÐRAR VATNSSTÖÐU Í ARNARVATNI Á VOPNAFJARÐARHEIÐI

Náttúrustofa Austurlands var beðin um að meta áhrif hækkaðrar vatnsstöðu í Arnarvatni á Vopnafjarðarheiði á bakka og gróður, vegna breytinga á stíflu við vatnið. Úttektin fór fram sl. sumar og í henni veitti Jörgen Sverrisson leiðsögn um svæðið og afnot af fjórhjólum og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.




FUGLAR

FUGLAR Á ÁHRIFASVÆÐI KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR

Frá árinu 2005 hafa valdar fuglategundir á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar verið vaktaðar. Heiðagæsaheiður voru talin á hefðbundnum sniðum á Vesturöræfum árið 2022 auk þess sem flogin voru nokkur snið með flygildi vítt og breitt á sama svæði í sama tilgangi. Ófleygar heiðagæsir voru taldar á hluta Snæfellsöræfa. Farið var um fellisvæði heiðagæsa á Eyjabakkasvæðinu og dvergvangsfjöðrum safnað í þeim tilgangi að meta hlutfall ársgamalla gæsa í geldgæsaþópum sem fella flugfjaðrir á svæðinu. Áfram var fylgst með fjölda nokkurra andategunda á Lagarfljóti. Þá voru skúmar með farvegi Jökulsár á Dal taldir auk kjóa á afmörkuðu svæði ásamt lómum en þeir voru einnig taldir á Lagarfljóti.

Hávellum á Lagarfljóti fækkaði frá árinu áður sem og greindum þörum þrátt fyrir að talsvert af fugli hafi haldið sig við ströndina austanlands. Sá fjöldi virðist ekki hafa skilað sér á Lagarfljótið um vorið. Einnig fækkaði skúföndum á Fljótinu milli ára. Stökköndum fjölgaði til muna og hafa aðeins einu sinni verið fleiri eða árið 2005. Skúmum fækkaði frá árinu áður í farvegi Jökulsár á Dal sem er aðalvarpútbreiðslu svæði tegundarinnar á Úthéraði, en lítil breyting var á fjölda varppara. Nokkuð bar á fugladauða í skúmsvörpum á Úthéraði sem rakinn var til fuglaflensu og má búast við að það geti sett mark sitt á varpið á næstu árum. Litlar breytingar voru á fjölda geldra heiðagæsa sem felldu fjaðrir á Eyjabakkasvæðinu milli ára. Óvenju margar heiðagæsir fundust dauðar í rannsóknafærðum stofunnar á árinu 2022, bæði á gengnum heiðagæsaþópum á varptíma á Vesturöræfum og einnig á Eyjabakkasvæðinu síðsumars sem mögulega má rekja til fuglaflensu en engin sýni voru greind til að staðfesta það, sem er miður.

Frekari niðurstöður fuglarannsóknna á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar má sjá á vef [Sjálbærni-verkefnisins á Austurlandi](#). [Niðurstöður um varpfugla á Úthéraði má sjá hér og um heiðagæsir hér.](#)



FUGLAR

GRÁGÆSIR MEÐ GPS SENDITÆKI

Náttúrustofan tók áfram þátt í verkefni sem snýr að því að kortleggja vetrardvalarstaði grágæsa að vetrarlagi með noktun GPS senditækja sem hófst sumarið 2021. Þá voru alls 23 senditæki sett á grágæsir á Íslandi, þar af 11 á vegum Náttúrustofunnar á svæðinu frá Kelduhverfi suður í Berufjörð. Sumarið 2022 voru 6 sendar settir út á austurhellingi landsins til viðbótar og til að veita upp á móti afföllum af sendum sem settir voru út árið áður. Verkefnið hefur nú þegar skilað áhugaverðum niðurstöðum um breytileika á fartíma milli landshluta og dreifingu gæsa á talningatíma (í nóvember) með tilliti til dreifingar breskra grágæsa. Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrustofu Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Verkís og Nature Scot.

VÖKTUN ÍSLENSKA GRÁGÆSASTOFNSINS

Árið 2020 hóf Náttúrustofa Austurlands í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands þriggja ára vöktunarverkefni á ýmsum stofnþáttum grágæsa á Íslandi. Sú vöktun fólst aðallega í því að kanna afkomu tegundarinnar og var sýnum safnað úr afla veiðimanna til aldursgreininga en megin áhersla lögð á að mæla ungafjölda með varppörum og aldursgreiningu í hópum að sumri og hausti um mest allt land. Haustið 2022 var Verkís falið að sjá um söfnun og greiningu sýna úr afla skotveiðimanna, Náttúrustofa Austurlands sá áfram um talningar að sumri og hausti og Náttúrufræðistofnun Íslands um talningar á grágæsum í nóvember. Í ljósi fækkunar grágæsa undanfarinn áratug eða svo hefur þess verið farið á leit við Náttúrustofu Austurlands og samstarfsaðila að auka vöktun og rannsóknir svo að tryggja megi sjálfbærni veiða en slíkt er skilyrði fyrir áframhaldandi veiðum samkvæmt ályktun aðildarþjóða AEWA samningsins. Töluverð vinna hefur farið fram við undirbúning vegna þessa og mun afrakstur þeirrar vinnu í formi aukinnar vöktunar og rannsókna vonandi líta dagsins ljós árið 2023.



FUGLAR

MÓFUGLAR

Mófuglar hafa verið taldir nær óslitið á 46 föstum punktum á fimm skilgreindum rannsóknarsniðum víða um Úthérað frá árinu 2009. Talningarnar eru hluti af stærra verkefni þar sem mófuglar eru taldir víða um landið. Markmið þessara talninga er fyrst og fremst að fylgjast með breytingum á stofnstærð yfir lengri tímabil. Með verkefninu hefur byggst upp mikill gagnagrunnur um breytilegan þéttleika ýmissa tegunda mófugla milli ára og landshluta. Allar tegundir eru taldar en vöktunin beinist einkum að níu tegundum: heiðlóu, lóupræl, hrossagauk, jaðrakan, spóa, stelk, kjóa, skógarþresti og þúfutittlingi. Talningarnar hafa farið fram seinni hluta júní ár hvert. Bætt var við nýjum mófuglasniðum árið 2022 í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands.

FUGLADAGUR NÁTTÚRUSTOFU AUSTURLANDS OG FERÐAFÉLAGS FJARÐAMANNA

Árlegur fugladagur Náttúrustofu Austurlands og Ferðafélags Fjarðamanna var haldinn 7. maí 2022. Fjara var á þægilegum tíma sólarhringsins að þessu sinni og var mæting við leirurnar á Norðfirði kl. 11:30 en við leirurnar á Reyðarfirði klukkutíma síðar eða kl. 12:30. Skyggni var gott, háskýjað og úrkomulaust. Hiti var um 5-7 gráður en nokkuð stíf vestanátt við sjóinn. Níu manns mættu á Norðfirði (6 fullorðnir að starfsmanni Náttúrustofunnar meðtöldum og þrjú börn) en 8 á Reyðarfirði. Í þessum athugunum eru óskir og kröfur aðlagðar að þátttakendum. Spjallað er um atferli, farflug og heiti fugla, bæði hjá algengari tegundum jafnt sem þeim sjaldgæfari eða tegundum sem erfiðari eru í greiningu. Öllum sem vilja er leyft að prófa fjarsjár þar sem sjá má fuglana í meira návígi og finna tegundir og læra helstu greiningareinkenni þeirra. Tilgangurinn er fyrst og fremst skemmtileg útvera í fjörunni þar sem skipst er á ýmsum fuglafróðleik með öðrum fuglaáhugamönnum á ólíkum aldurs- og getustigum. Að þessu sinni sáust 32 fuglategundir auk tveggja blendingstegunda á Reyðarfirði en 29 tegundir á Norðfirði. Ýmsar tegundir eru rétt að mæta á Austurland um þetta leyti og því hending að þær sjáist í svo stuttri athugun.


FUGLAR

FUGLARANNSÓKNIR Í SAMSTARFI VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Árlega taka starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í reglubundinni vöktun annarra stofnana á fuglum. Vetrarfuglatalning er skipulögð af Náttúrufræðistofnun Íslands til að meta fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi á Íslandi. Þessar talningar hafa verið stundaðar frá árinu 1952. Líkt og fyrri ár töldu starfsmenn stofunnar á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði og aðstoðuðu Pál Leifsson talningarmann við talningar á fuglum á strandsvæðum nærri vegum í Fjarðabyggð frá botni Fáskrúðsfjarðar norður að Norðfjarðarvita. Úrvinnsla er öll á höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands og er hægt að sjá niðurstöður og breytingar milli ára á heimasíðu þeirra.

Náttúrufræðistofnun Íslands sér líka um vöktun íslenska rjúpnastofnsins en starfsmenn Náttúrustofu Austurlands hafa í mörg ár lagt sitt að mörkum í þeirri vöktun með talningum. Rjúpur voru taldar á Rangá og við Hrafnabjörg á Héraði í maí 2022. Auk þess aðstoðuðu starfsmenn stofunnar kollega sína frá NÍ við talningar við vegi á Úthéraði í maí þegar karrarnir eru hvað mest áberandi. Upp úr áramótum hefur Náttúrustofan safnað rjúpnavængjum úr veiðinni og sent Náttúrufræðistofnun Íslands til greiningar sem birtir árlegar niðurstöður á sínum vettvangi. Úrvinnsla er öll á höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands og hægt er að sjá niðurstöður og breytingar milli ára á heimasíðu þeirra.

Vöktun ýmissa fuglategunda á Íslandi árið 2022 í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa um allt land. Náttúrustofa Austurlands sinnti úttekt á vatnafuglum og mati á varpárangri skúma á Úthéraði. Árið var notað til að móta þessar rannsóknir frekar.



FUGLAR

VÖKTUN SJÓFUGLA VEGNA LAXELDIS

Vöktun á lunda í Stórhólma í Reyðarfirði hófst sumarið 2020 í tengslum við umhverfisvöktun vegna reksturs Laxa fiskeldis ehf. í Reyðarfirði. Þá var lundavarp í eyjunni kortlagt og stærð þess metið auk þess að flatarmál kortlögð í þrívídd með flygildi til að leiðrétta flatarmáls útreikninga fyrir halla lands. Niðurstöður athugana þess árs sýndu að ábúðarhlutfall hola var lágt en Hólmarnir í Reyðarfirði eru taldir vera mikilvægt fuglasvæða vegna mikils lundavarfs í eyjunni, um 11.000 pör. Frumniðurstöður Náttúrustofu Austurlands auk viðtala við staðkunnuga árið 2020 bentu hinsvegar til þess að þar væri um ofmat að ræða. Stórhólmi var heimsóttur aftur 2021 en ekki árið 2022. Þess í stað var lundi talinn á sjó við hólmann að sumri með fjarsjá frá landi.

Fuglarannsóknnum í Berufirði vegna fyrirhugaðra breytinga á staðsetningu sjókvía Fiskeldis Austfjarða í firðinum sem Náttúrustofan vann í samvinnu við RORUM ehf. lauk seinni hluta ársins, en rannsóknir höfðu staðið frá 2021. Var gögnum og skýrslu skilað til RORUM fyrir árslok.

FIÐRILDI OG FRÆÐSLA

FIÐRILDI FÖNGUÐ Í LJÓSGILDRUR


Fiðrildi eru veidd í ljósgildirur frá apríl til nóvember, í Neskaupstað, á Hallormsstað og á Jökuldal. Verkefnið hér eystra hefur staðið yfir frá árinu 2010 og er samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Páls Benediktssonar bónda á Hákonarstöðum á Jökuldal. Tilgangurinn er m.a. að skoða breytingar á fiðrildafánu vegna loftslagsbreytinga og náttúruhamfara og fylgjast með og skrásetja nýja landnema. Á árinu komu 31 tegund í gildruna í Neskaupstað, 30 tegundir í gildruna á Jökuldal og 19 tegundir á Hallormsstað. Dumbygla kom í gildruna í Neskaupstað í lok ágúst en er það fyrsta dumbyglan sem veiðist í gildrunum á Austurlandi. Önnur flækingsfiðrildi sem eru sjaldgæf en létu sjá sig þetta árið í Neskaupstað voru asparygla, netluygla og skrautygla. Eina flækingsfiðrildið sem kom í gildruna á Jökuldal var gammaygla og í Hallormsstað kom kálmölur en hann er þó árviss þar.



Dumbygla

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Í NESKAUPSTAÐ

Náttúrustofan sér um viðhald safngripa og stundum um móttöku gesta á Náttúrugripasafninu utan hefðbundins opnunartíma. Á safninu má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarinnar Unnar Sveinsdóttur. Árið 2022 var unnið upplýsingaskilti fyrir nýja jarðlagasúlu á safninu. Safnahúsið var opið daglega frá 13:00-17:00 (júní – ágúst) og á öðrum tímum eftir samkomulagi.



FRÆÐSLA

VETTVANGSNEMAR

Líkt og fyrri ár komu nokkrir nemar úr 10. bekk Nesskóla í starfskynningu og fengu þeir m.a. að kynnst Náttúrugripasafninu og undibúa verkefni tengdu því. Auk þess kynntust þeir annarri starfsemi stofunnar.

NÁTTÚRUFRÆÐINÁMSKEIÐ

Náttúrustofa Austurlands og Ferðapjónusta Mjóeyrar hafa frá 2008 haldið 5 daga náttúrufræðinámskeið fyrir krakka tengt Gönguvíkunni á fætur í Fjarðabyggð. Sumarið 2022 var námskeiðið haldið dagana 20.-24. júní. Tíu krakkar á aldrinum 8-10 ára tóku þátt í námskeiðinu og komust færri að en vildu. Þó það hafi verið frekar kalt og vindasamt létu krakkarnir það ekki á sig fá og var dagskránni svolítið hagrætt eftir veðri. Fuglar, smádýr, plöntur, vatna- og fjörulíf var skoðað utandyra auk þess sem farin var ferð í Helgustaðanámu til að kynnst silfurbergi nánar og kíkt í Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Í Mjóeyrarfjöru var steinum velt við, sprettfiskar gómaðir, marflær og annað kvíkt gripið og skoðað nánar í lófa eða í þar til gerðum ílátum. Skeljar voru tíndar og jafnvel þangið skoðað og kreist. Einnig voru hornsíli háfuð upp úr ferskvatnspollum. Krakkarnir spurðu óteljandi áhugaverðra spurninga sem ekki var alltaf hægt að svara en endalast hægt að ræða. Líkt og fyrri ár brá í hópnum fyrir mörgum efnilegum og upprennandi náttúruskoðurum og vísindamönnum.



RANNSÓKNASTYRKIR

VÖKTUN ÚTBREIÐSLU LÚPÍNU VEGNA VEGAFRAMKVÆMDA VIÐ GILSÁ Á VÖLLUM

Náttúrustofa Austurlands hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar til þess að vakta útbreiðslu lúpínu í kjölfar framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals- og Breiðdalsvegjar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum. Markmiðið er að fylgjast með mögulegri dreifingu lúpínu með aðfluttu efni á framkvæmdasvæðinu og mun Vegagerðin þá leitast við að stöðva útbreiðsluna jafnóðum. Vöktunin er til fimm ára og er unnin í samvinnu við Vegagerðina.

ÁHRIF FISKELDIS Á ÍSLANDI Á FUGLA

Náttúrustofa Austurlands fékk styrk úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis til að rannsaka áhrif fiskeldis á Íslandi á fugla. Uppbygging fiskeldis á Íslandi hefur verið hröð undanfarin ár, en áhrif sjókvíaeldis á Íslandi á fugla eru ekki vel þekkt. Mikilvægt er að rannsaka möguleg bein og óbein áhrif sem geta verið jákvæð, s.s. aukið aðgengi að fæðu og hvíldarsvæðum, eða neikvæð, s.s. truflun vegna umferðar manna og báta í tengslum við daglegan rekstur fiskeldis. Undirbúningur á vettvangi tafðist einkum vegna sóttvarnarráðstafana og annara atvika sem upp komu á Reyðarfirði, en sumarið 2022 voru talningasvæði afmörkuð á ný og talningar hafnar með aðstoð Páls Leifssonar.



STIKLUR ÚR STARFSEMI

VÖKTUN STRANDA

Árið 2021 hóf Náttúrustofa Austurlands vöktun á rusli í fjöru í Reyðarfirði. Verkefnið er unnið í samstarfi við Umhverfisstofnun, eftir aðferðafræði og leiðbeiningum frá OSPAR. Tilgangur vöktunarinnar er að finna uppruna rusls á ströndum, hvaða flokkar af rusli safnast mest fyrir, meta magn sem safnast fyrir yfir ákveðið tímabil og að fjarlægja ruslið. Með vöktuninni uppfyllir Ísland hluta af aðgerðaráætlun OSPAR, um að draga úr skaðsemi úrgangs í hafi og á ströndum.

FYRIRSPURNIR FRÁ ALMENNINGI UM UNÐUR NÁTTÚRUNNAR

Ekki var mikið um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með ýmis undur náttúrunnar til greiningar á árinu. Þó eru alltaf einhverjir sem gauka að okkur t.d. upplýsingum um skrýtna fugla eða afbrigðileg blóm. Starfsmenn taka eftir sem áður góðfúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Eins og undanfarin ár bærast til stofunnar nokkrir skógarmítlar en flestir höfðu þeir komið af dýrum eða fundist á gólfi á heimilium þar sem eru hundar eða kettir. Dílabukkur (*Saperda perforata*) fannst á heimili í Neskaupstað og var hann sendur áfram til greiningar og varðveislu hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, er þetta í annað sinn sem dílabukkur finnst á Íslandi. Íbúi fann dauða rottu rétt ofan fjöruborðs í Neskaupstað og var hún send til rannsóknar. Þá barst á haustdögum til stofunnar trítílblaka (*Pipistrellus nathusii*) sem var fönguð um borð í skipi nokkuð djúpt SA af Íslandi og var hún í andaslitrinum þegar hún barst til stofunnar var hún einnig send til rannsóknar.



Á myndinni má sjá sýnishorn úr fjöruhreinsun haustið 2022

STIKLUR ÚR STARFSEMI

RANNSÓKNIR VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

Ýmsar úttektir voru unnar í tengslum við vegaf framkvæmdir. T.d. var gróður kortlagður á svæði fyrir nýja valkosti svokallaðrar Suðurleiðar við Egilsstaði vegna Fjarðarheiðarganga og í botni Reyðarfjarðar tengt vegabótum. Auk þess voru gerðar úttektir á lífríki vegna fyrirhugaðrar stækkunar Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði og byggingu Orkugarðs þar. Þá var gróður kortlagður á Mosfellsheiði vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs og á Uxahryggjaleið í tengslum við vegabætur þar.

REFIR OG MINKAR

Náttúrufræðistofnun Íslands sinnir vöktun og rannsóknunum á íslenska refastofnunum. Þá hefur Náttúrustofa Vesturlands sinnt vöktun og rannsóknum á minknum. Mikilvægur þáttur í þeirri vöktun eru hræ sem þessum stofnunum berast frá veiðimönnum. Náttúrustofa Austurlands aðstoðar við þessa vöktun með því að taka á móti hræjum af bæði mink og ref sem komið er á leiðis til rannsókna.

KRÆKLINGASÖFNUN Í MJÓAFIRÐI

Líkt og undanfarin ár var kræklingi safnað fyrir Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum á þremur stöðum í Mjóafirði. Verkið er hluti af mengunarvöktun á lífríki sjávar við Ísland sem hefur verið framkvæmt síðan 1989. Markmið vöktunarinnar er að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR), auk AMAP (Arctic Monitoring Assessment Program). Sýnin voru send til Matís þar sem ólífræn snefilefni og þrávirk lífræn mengunarefni eru mæld í þeim. Niðurstöðurnar sýna að ástand sjávar er gott hér við land með tilliti til mengandi efna. Þó má sjá sveiflur, bæði náttúrulegar og af mannavöldum, milli ára í styrk nokkurra efna. Kadmín er eitt þeirra efna þar sem styrkur sveiflast nokkuð milli ára og hefur það nokkrum sinnum mælst yfir neysluviðmiðum á tveimur stöðum í Mjóafirði og einnig í Skötufirði fyrir vestan. Ástæðan er talin vera eldvirkni landsins.

STIKLUR ÚR STARFSEMI

VÖKTUN VERNDARSVÆÐA

Árið 2020 hófst verkefni sem snýr að vöktun verndarsvæða og annarra svæða sem eru undir álagi ferðamanna. Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa um landið. Það er unnið fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og hefur Náttúrufræðistofnun yfirumsjón með því. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilkætti íslenskrar náttúru óháð álagi ferðamanna. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar og átti náttúrustofan fulltrúa í öllum hópum. Þjálfun fyrir starfsfólk náttúrustofa í greiningu vistgerða á landi fór fram í byrjun júní í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands í Garðabæ undir handleiðslu Rannveigar Thoroddsen. Í lok ágúst fór síðan fram þjálfun á vistgerðum í fjöru. Þjálfunin fór fram í Sandgerði undir handleiðslu Sunnu Bjarkar Ragnarsdóttur og Sindra Gíslasonar.

Sumarið 2022 voru því lykilkættir íslenskrar náttúru í forgrunni vöktunar. Alls voru ellefu gróðursnið tekin út víðsvegar um Austurland. Á Úthéraði voru mófuglar taldir í níu sniðum, vatnafuglar voru taldir að vori og síðsumars til að meta ungaframleiðslu, skúmshreiður voru heimsótt í tvígang til að kanna varpárangur og tegundahlutföll svartfugla voru mæld í Skrúð og Papey. Fjögur svæði voru heimsótt m.t.t. jarðminja, Klifbrekkufossar, Geitagerðisbjarg, Giljahólar og Gerpissvæðið. Gögnum var skilað í gagnagrunn NÍ sem sér að mestu um úrvinnslu og birtingu.

Hauftfundur um vöktun verndarsvæða var haldinn í Borgarfirði í september með fulltrúum frá öllum náttúrustofum landsins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Fundurinn var nýttur til að sníða ýmsa vankanta af verkefninu svo vöktunin verði markvissari og samræmi aukist milli landshluta.

STIKLUR ÚR STARFSEMI

SAMTÖK NÁTTÚRUSTOFA

Samtök náttúrustofa hafa með sér samráð um ýmis mál og halda árlega aðalfund og ársþing náttúrustofa. Náttúrustofuþing og aðalfundur voru haldinn í Borgarнесi dagana 27. -29. september 2022. Um tímamótafund var að ræða þar sem í fyrsta sinn var haldið sameiginlegt Náttúrustofuþing og ársfundur Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Fyrir samtökunum fer þriggja manna stjórn þar sem forstöðumenn allra náttúrustofa eiga sæti með reglubundnum hætti. Miðað er við að á hverju ári gangi sá forstöðumaður sem lengst hefur setið úr stjórn og inn komi nýr og að sá stjórnarmaður sem er að hefja sitt þriðja ár sé formaður. Á þessu eru þó undantekningar. Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands kom inn í stjórn SNS um áramótin 2021-2022 og Erpur Snær Hansen forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands gekk úr stjórn. Öfugt við hina almennu reglu sinnti Kristín formennsku samtakanna árið 2022. Aðrir í stjórn árið 2022 voru Róbert Arnar Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands og Þorkell Lindberg Þórarinsson forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands.

KOLEFNISMÆLINGAR

Sumarið 2022 fór af stað vöktunarverkefni á Austurlandi við mælingar á kolefnisforða og flæði úr jarðvegi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landgræðsluna og er hluti af verkefni á landsvísu og er eitt markmið þess að áætla heildarlosun eða bindingu CO₂ úr jarðvegi með nokkuð góðri vissu. Þess er vænst að niðurstöðurnar nýtist til að ná árangri í loftslagsmálum



STIKLUR ÚR STARFSEMI

STÖÐVARKÓNGUR

Náttúrustofa Austurlands hóf vorið 2022 leit af lifandi eintökum að hinum goðsagnakennda stöðvarkóngi (*Buccinum superangulare*) í því skyni að reyna fá úr því skorið hvort stöðvarkóngur er sérstök tegund, en lengi hafa verið uppi vangaveltur um það. Lagðar voru út beitukóngsgildirur við Stöðvarfjörð á Nennu SU til að freista þess að veiða stöðvarkóng með ómetanlegri hjálp Alberts Ó. Geirssonar. Þrátt fyrir ágæta veiði reyndist enginn stöðvarkóngur í aflanum. Einnig voru farnar nokkrar fjöruferðir m.a. við Gvendarnes gagngert til að leita að eintökum sem hægt væri að nýta til erfðarannsókna. Þann 24. mars 2022 fannst nýdauður stöðvarkóngur við Gvendarnes og verður hann sendur til DNA skoðunar.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS Á MIÐLUM

Á vefsíðu Náttúrustofunnar er haldið utan um gagnlegar og fróðlegar upplýsingar tengdar starfi stofunnar, m.a. birtast þar flestar skýrslur sem Náttúrustofan vinnur og þar eru sagðar fréttir. Náttúrustofan er líka á samfélagsmiðlum með fésbókarsíðu og instagram reikning sem hafa að einhverju leyti tekið yfir fréttahlutverk vefsíðunnar. Þar birtast stuttar og óformlegar fréttir og ýmsar upplýsingar úr starfi Stofunnar.



Smelltu á myndina til að sjá myndskleið úr leiðangrinum

STARFSMANNASAMVERA

Af ýmsum ástæðum var starfsmannasamvera utan vinnutíma með minna móti þetta árið. Starfsmenn Náttúrustofunnar hittust í hádegismat á Gistiheimilinu á Egilsstöðum þann 18. ágúst til að kveðja Rán sem var þá helgi að flytja frá Egilsstöðum. Rán lauk störfum hjá stofunni í lok árs en vann uppsagnarfrest sinn að mestu í fjarvinnu frá Akureyri síðustu mánuðina.


Flestir starfsmenn Náttúrustofunnar mættu á ársfund NÍ og Náttúrustofuþing SNS í Borgarnesi í lok september þar voru að vanda allskonar skemmtileg fagerindi.




FJÁRMÁL

Afkoma af rekstri Náttúrustofu Austurlands rekstrarárið 2022 var neikvæð. Eigið fé og skuldir í árslok voru 141 milljón og bókfært eigið fé var tæplega 108 milljónir. Tekjur og gjöld skiptast með svipuðum hætti og síðastliðin ár. Meiri hluti tekna stofunnar eru sértekjur (55%) og launakostnaður er langstærsti gjaldaliðurinn (78%). Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

SKIPTING GJALDA 2022



SKIPTING TEKNA 2022



RITLISTI

Skýrslur Náttúrustofu Austurlands má nálgast á vefsíðu hennar eða með því að smella hér.

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2022). Rannsóknir á Botnseti við fiskeldissvæðið Gripalda í Reyðarfirði. Unnið fyrir Laxar fiskeldi ehf Náttúrustofa Austurlands, NA-220228

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2022). Rannsókn á botnseti í sjó við fiskeldissvæðið Gripalda í Reyðarfirði. Nærsvæðisvöktun eftir hvíld. Unnið fyrir Laxar fiskeldi ehf. Náttúrustofa Austurlands, NA-220233

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Elín Jónsdóttir, Ester Inga Eyjólfsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Margrét Gísladóttir (2022). Alcoa Fjarðaál Umhverfisvöktun 2021. Unnið af Náttúrustofu Austurlands og Hafrannsóknastofnun fyrir Alcoa Fjarðaál. Náttúrustofa Austurlands, NA-220227

Erlín Emma Jóhannsdóttir og Hálfván Helgi Helgason (2022). Laxar fiskeldi ehf. Umhverfisvöktun 2021. Unnið fyrir Laxar fiskeldi ehf. Náttúrustofa Austurlands, NA-220229

Erlín Emma Jóhannsdóttir og Margrét Gísladóttir (2022). Rannsóknir á botnseti í sjó við hámark lífmassa á fiskeldissvæði við Vattarnes í Reyðarfirði. Unnið fyrir Laxar fiskeldi ehf. Náttúrustofa Austurlands, NA-220235

Erlín Emma Jóhannsdóttir og Margrét Gísladóttir (2022). Rannsóknir á botnseti í sjó á hvíldartíma fiskeldissvæðisins við Sigmundarhús í Reyðarfirði. Unnið fyrir Laxar fiskeldi ehf. Náttúrustofa Austurlands, NA-220234

Hálfván H. Helgason, Yann Kolbeinsson, Páll Leifsson, Sindri Gíslason og Þorkell Lindberg Þórarinsson (2022). Könnun á aldurs- og tegundasamsetningu svartfuglaafla á Austfjörðum 2020-2021. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Náttúrustofa Austurlands, NA-220225

RITLISTI

Skýrslur Náttúrustofu Austurlands má nálgast á vefsíðu hennar eða með því að smella hér

Hálfván H. Helgason, Yann Kolbeinsson, Páll Leifsson, Sindri Gíslason og Þorkell Lindberg Þórarinsson (2022). Greiningar á aldurs- og tegundasamsetningu svartfugla út frá útlitseinkennum vængja. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Náttúrustofa Austurlands, NA-220224

Kristín Ágústsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir (2022). Fjarðarheiðagöng - Viðbótarrannsókn á gróðri vegna nýrra valkosta (B og C) á Suðurleið. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-220231

Skarphéðinn G. Þórisson, Rán Þórarinsdóttir og Fríða Jóhannesdóttir (2022). Vöktun hreindýra 2022 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2023. Náttúrustofa Austurlands, NA-220236

Skarphéðinn G. Þórisson, Rán Þórarinsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2022). Vöktun hreindýra 2021 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2022. Náttúrustofa Austurlands, NA-22026



ERINDI OG VEGGSPJÖLD

Guðrún Óskarsdóttir (2022). Gæsabeitarannsóknir, Vesturöræfi 2017-2020. Teams kynning fyrir Landsvirkjun 3.mars 2022

Halldór Walter Stefánsson (2022). Fuglarannsóknir Náttúrustofu Austurlands 2004 - 2020 (17 ár) tengt Kárahnjúkavirkjun. Tillögur að framhaldsrannsóknnum, frá árinu 2022. Teams kynning fyrir Landsvirkjun 3.mars 2022

Hálf dán H. Helgason (2022). Aldurs- og tegunda greining svartfugla út frá útlitseinkennum vængja og könnun á afla frá Austfjörðum 2020 og 2021. Erindi á afmæli veiðikortakerfisins. Skotvís. Veröld Vigdísar 28. apríl 2022

Kristín Ágústsdóttir (2022). Heiðagæsir með GPS senditæki. GPS merkingar á Vesturöræfum (og beitarrannsóknir) Teams kynning fyrir Landsvirkjun 3.mars 2022

Margrét Gísladóttir (2022). Jarðlagasúla veggspjald

Rán Þórarinsdóttir (2022). Breytingar á burðarsvæðum Snæfellshjarðar 2005 - 2020. Flutt á Náttúrustofuþingi í Borgarnesi 28.september 2022

Rán Þórarinsdóttir (2022). Reindeer in Iceland 1940-2022 - Health and welfare TARANDUS. Teams lecture 26th of April 1300-1700 (CET) in cooperation with the National Veterinary Institute (SVA).

Skarphéðinn G. Þórisson (2022). Snæfellshjörð/-öræfi 2000-2021 Talningar og GPS kúr. Teams kynning fyrir Landsvirkjun 3.mars 2022

Skarphéðinn G. Þórisson (2022). Staða hreindýra á Austurlandi 2022. Erindi á afmæli veiðikortakerfisins. Skotvís. Veröld Vigdísar 28. apríl 2022.

Skarphéðinn G. Þórisson (2022). Reindeer in Iceland 1771-1940 - Health and welfare TARANDUS. Teams lecture 26th of April 1300-1700 (CET) in cooperation with the National Veterinary Institute (SVA).

Skarphéðinn G. Þórisson (2022). Vöktun hreindýranna og hnatthlúnun. Málstofa um áhrif loftslagsbreytinga 8. febrúar 2022 á Teams. Ungir umhverfissinnar.

Skarphéðinn G. Þórisson (2022). Hreindýrafyrirlestur í Egilsstaðaskóla 8. mars 2022.



Höfuðstöðvar í Neskaupstað
Bakkavegi 5
740 Neskaupstað

Starfsstöð á Egilsstöðum
Tjarnarbraut 39b
700 Egilsstöðum

Sími 477-1774
veffang: www.na.is
netfang: na@na.is